

GOTNESKI

- samband góðs og ills og fjórum stigum gotneskra lista

Úrdráttur

Í þessari ritgerð fjalla ég um þrjú tímabil gotneskrar listar, mótun þess fjórða, og tengsl mín við þau. Tímabilin þrjú eru miðaldagotneska, átjándu aldar gotneska og neo-gotneska. Eftir aldamótin hefur svo þróast ný liststefna sem fengið hefur nafnið nýgotneska eða The New Gothic og velti ég fyrir mér stöðu hennar innan nútímalistheims og framtíð hennar. Ég fjalla um þætti gotneskunnar allt frá myndefni yfir í skáldsögur og heimsmynd, og tengi við sjálfa mig. Ég velti fyrir mér togstreitunni og sameiningu milli góðs og ills, en þeir tveir pólar eru sterkar andstöður í gotnesku listinni, og áflog þeirra eru mjög athyglisverð. Banks Violette er ungur og upprennandi listamaður sem flokkast undir nýgotnesku stefnuna og rýni ég í verk hans og tengi við gotneskuna á öldum áður. Þessi ritgerð varpar ljósi á það að tími sé kominn fyrir nýjar stefnur í listinni, og ég færi rök fyrir því að nýgotneskan muni verða að sterkri og ráðandi liststefnu á næstu árum.

Efnisyfirlit

Miðaldagotneska	bls. 4
Upphaf gotneskrar byggingalistar.....	bls. 5
Þróun yfir í alþjóðagotnesku.....	bls. 6
Horft til fortíðar – endurvakning gotneskrar sköpunar á 18. öld	bls. 6
Gotneskar bókmennir.....	bls. 6
Gotneskur arkitektúr 18. aldar.....	bls. 7
Neo-gotneskan – Uppreisn gegn móðernisma	bls. 8
Banks Violette	bls. 8
Nýgotneska – Fjórða tímabilið	bls. 9
Samband góðs og illis	bls. 10
Trúarbrögð, sjálfsíronía og tengsl mín við gotnesku	bls. 11
Niðurlag	bls. 13

‘Neikvæða hliðin á hinu háleita kemur út frá sterkustu tilfinningu sem hugurinn getur fundið. Ég segi sterkustu tilfinningu, því að hugmyndir um sársauka eru mun kraftmeiri en þær sem kvikna út frá gleði.’¹

Engin tilfinning er jafn sterk og ótti. Hann endurspeglar sársauka eða dauða, og rænir manninn skynsamlegri hugsun og atferli. Því má segja að þeir hlutir sem vekja hjá manneskjum ótta séu æðri en þeir sem það ekki gera, og vekja hjá öðrum óttablandna lotningu.

Gotneskan hefur í gegnum aldirnar verið bendluð við ótta, dauða og geðveiki, en býr meira að baki? Notkun á orðinu hefur breyst mikið með árunum og gera sér ekki allir grein fyrir eiginlegri merkingu þess. Gotnesk list rekur sögu sína langt aftur til miðalda, jafnvel fyrr, og hún inniheldur heilan hafsþjó af sögum, afrekum og draumum sem merkilegt er að kynna sér.

Áhugavert er að skoða hversu víðan völl liststefnan hefur farið, allt frá gotneskri byggingalist miðalda yfir í hrollvekjur um skepnur og hið yfirnáttúrulega og þaðan yfir í norskan svartmetal. Hún hefur verið hluti af listheiminum í hundruði ára, komið og farið í bylgjum, og í hvert skipti skilið eftir sig spor sem aldrei hafa horfið.

Ég hef mikinn áhuga á þessum þremur stigum gotneskunnar, og samspili ólíkra þátta á hverju tímabili fyrir sig. Þar má nefna myrka samspilið milli bygginga og trúar á miðöldum, dulúðin og sagan sem því fylgir, sambandið og togstreitan milli mannsins og skepnunnar á átjándu öld, og þróun hugmynda um hið yfirnáttúrulega, og að lokum hugmyndir gotneskra samtímalistamanna um samfélagið, yfirvöld og birtingarform þess illa á okkar tímum. Eftir aldamótin hefur ný gotnesk stefna byrjað að mótast, og áhugavert er að skoða þætti hennar sem tengjast hinum stefnunum þremur. Hvað eiga þær sameiginlegt og hvað einkennir þær? Þessi mismunandi stig gotneskunar eru öll sterkur liður í samfélagi hvers tíma fyrir sig, og fást við að rannsaka og bera saman hið góða og hið illa. Þau minna okkur á að til þess að njóta þess góða verður að fyrst að viðurkenna og bera virðingu fyrir hinu illa.

Þessi rannsókn heillar mig og það sést vel í verkum mínum. Ég sæk í gotneskan arkitektúr, sögur af kynjaverum og baráttu manna og dýra í leit að innblástri. Samskipti og samspil góðs og illa og þess myrka og bjarta eru kveikjan að flestum hugmynda minna og mjög áhugavert er að setja þessar andstæður í ýmis myndform. Þetta er einmitt það sem einkennir gotneskuna, en hún er enn á ný að ryðja sér braut í listheimi nútímans, með nýjar hugmyndir um samfélagið, heiminn og listina. Flestir listamenn þessarar nýju stefnu sem hefur fengið heitið *Nýgotneska*, eru ungir og efnilegir, enda varð stefnan ekki að eiginlegri liststefnu fyrr en 1997, og er hún því eitt það áhugaverðasta sem er að birtast í samtímamyndlist, beint framhald gotnesku tímabilanna þriggja, með nýjum áherslum um breyttan heim og nýja sýn á gott og illt, en til að skilja stefnuna er mikilvægt að skoða sögu gotneskunnar, töfra hennar og drunga.

¹ *The negative pleasures of the sublime is a productive of the strongest emotion which the mind is capable of feeling. I say strongest emotion, because I am satisfied the ideas of pain are much more powerful than those which enter on pleasure.* Edmund Burke: “*A Philosophical Enquiry into the Origin of our Ideas of the Sublime and Beautiful.* (1757) Oxford, Basil Blackwell, 1987. bls 39.

Miðaldagotneska

Gotneska sem listform kom fyrst fram í Norður-Evrópu í kringum miðaldir og varði til byrjunar endurreisnartímabilsins. Oftast birtist listin í tengslum við trúarbrögð, en listformið er þekktast fyrir tengsl sín við kirkjubyggingalist.

Segja má að gotnesk list hafi byrjað í formi byggingarlistar þegar St. Denis kirkjan í París var endurbyggð árið 1137.² Í endurgerðinni bar mikið á skúlptúrum, útskornum altörum, lituðu gleri og máluðum við. Þessi stíll átti eftir að breiða úr sér sem kirkjulist um alla Evrópu á komandi árum og öldum, og markaði tímamót í evrópskum listheimi. Byggingin opnaði dyrnar fyrir gotneskunni.

Þrátt fyrir að kirkjan var byggð þetta snemma, og að fræðimenn reki stílinn aftur til hennar, þá kom heiti stefnunnar ekki fram fyrr en löngu seinna. Þar er ónákvæmt orð og á það á hættu að vera misskilið. Það skaut fyrst upp kollinum á 16. öld í ritinu *Lives of the Most Eminent Architects, Painters and Sculptors* eftir málarann og arkitektinn Giorgio Vasari.³ Hann var ítalskur endurreisnarmaður og í riti sínu fjallaði hann um gotnesku og tengdi hana við Gota frá norðaustur Þýskalandi. Hann, sem og aðrir ítalskir fræðimenn, arkitektúrar og listamenn, fjallaði um byggingalist miðalda á neikvæðan hátt, þeir kepptust um að rakka hana niður og kölluðu hana germanska villimannalist og ítalski arkitektinn Donato Bramente sagði miðaldaarkitektúr andstæðu rómanskrar fagurfræði.⁴

Á þessum tíma var gotneska frekar notað sem slanguryrði yfir þessa myrku og villimannslegu tíma, frekar en eiginlegt orð yfir liststefnu. Í dag er það notað yfir allt tímabilið milli rómanska tímabilsins og endurreisnar, eða um 200 ár. Það sem gerir tímabilið svo áhugavert er það hve fáar samtímaheimildir eða umfjallanir eru til um verk þess og listamenn. Fræðimenn virtust ekki hafa áhuga á að greina eða útskýra liststefnuna, ekki fyrr en endurreisnin hófst áratugum seinna. Ástæðan gæti verið að þeir sem fóru í fræðilegt nám á þessum tímum beindu ekki athygli sinni að list eða listamönnum, en á þessum tímum lagði kaþólska kirkjan áherslu á hugsun fram yfir framkvæmdir, því var ekkert handverk eða listaverk talið viðurkennt nema það innihélt boðskap Krists eða tilvísanir í eftirlífið. Þannig mat fólk list útfrá því *hvað* hún fól í sér, ekki *hvernig* hún var unnin.

Litið var niður á myndlistar-, og tónlistarmenn, sem hafði þær afleiðingar að fólk kærði sig ekki um að skrifa skoðanir sínar varðandi listir almennt, eða í afar fáum tilfellum. Því er nánast ekkert vitað um viðmót almúgans á miðöldum gagnvart listum, og fátt er til af ævisögum eða einhverskonar skráningum á verkum listamanna þessa tíma. Því varð gotnesk list ekki að eiginlegri liststefnu fyrr en að fyrsta skeið hennar var yfirstaðið.⁵

Upphaf gotneskrar byggingalistar

Ábóti að nafni Suger var sögufræðingur og fyrsti áhrifavaldurinn í gotneskum arkitektúr, en hann

2 Martindale, Andrew. 1967. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London. Bls 7

3 Brooks, Chris. 1999. *The Gothic Revival*. Phaidon Press Limited. London. Bls 10.

4 Brooks, Chris. 1999. *The Gothic Revival*. Phaidon Press Limited. London. Bls 9.

5 Martindale, Andrew. 1967. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London. Bls 55

endurgerði kirkjuna St. Denis árið 1137, eins og áður var nefnt. Upphaflega átti endurgerðin að vera hefðbundin, en munurinn á St. Denis og öðrum kirkjum þessa tíma var að samsíða stóru kapellunni lágu fleiri smærri kapellur. Þessi uppbygging var sjónrænt séð mikilfenglegri, stór hvelfing skreytt löngum gluggum með lituðu gleri og oddhvössum bogaumgjörðum, en þessir þættir einkenna hinn gotneska stíl hvað mest. Sameining kapellanna varð til þess að ytra útlit kirkjunnar gerbreyttist, og fengu þær tvo turna stað eins. Það tók aðra arkitektúra þónokkurn tíma að fást við sömu þætti í byggingum sínum, en brátt tóku að rísa fleiri kirkjur í Frakklandi í sama stíl, m.a. Laon dómkirkjan og Notre Dame, og seinna tóku arkitektar á Spáni, Englandi og Þýskalandi upp þráðinn og gerðu slíkt hið sama. Endurgerð St. Denis varð þannig til þess að bygginga-, og listform breyttist um alla Evrópu.⁶

Þróun yfir í alþjóða-gotnesku

Á árunum 1375-1425 var tímabil svokallaðar alþjóða-gotneskrar listar, eða *international gothic*. Hún þróaðist út frá miðöldum og teygði sig yfir í endurreisn, og var einhverskonar tengiliður þessa tveggja tímabila. Hún var áberandi í Vestur-Evrópu og hafði áhrif á málverk, skúlptúra og skreytilist þessa tíma. Þessi liststefna einkenndist af fágun í handbragði og smáatriðum í bland við ítalskan natúralisma.

Eitt frægasta málverk þessa tímabils er verkið *Wilton Diptych*, en það var málað á tvær litlar plötur sem festar voru saman á hliðunum. Ekki er vitað um nafn eða þjóðerni listamannsins, en verkið er nú geymt í London. Það var málað fyrir Ríkharð II Englandskonung og sýnir hann krjúpa frammi fyrir Maríu Mey og Jesúbarninu, en þau voru mjög algengt myndefni í gotneskri list á miðöldum, og það sama má segja um dýrlinga, þessa þætti tóku listamenn og arkitektúrar fyrir á endurtekinn hátt til að þjóna katólsku kirkjunni sem og eigin trú. Dýrlingarnir urðu persónulegri með árunum og listamenn eyddu meiri orku í smáatriði íkona og litaðra glerja. Einnig birtust þeir á veggmyndum og altarástöflum.

Lítið hefur varðveist af þessum munum sem gerðir voru fyrir endurreisn. Nánast engar kirkjur frá þessum tíma bera enn sitt upprunalega gluggagler, þó örfáar, eins og Sainte-Chapelle kirkjan í París. Einnig hafa flest veggmálverk glatast frá miðöldum, illa var farið með þau og hafa þau þessvegna horfið smátt og smátt með árhundruðunum. Eitthvað hefur þó varðveist af málverkum, þó þau hafi ekki fengið sérlega góða varðveislu á þessum tímum, þar sem þau voru oftast í eigu auðugra konungsfjölskyldna sem ferðuðust með verkin milli kastala og halla, eða tóku þau með sér í stríð.

Stærsta safn gotneskrar listar frá seinni hluta miðalda kom frá *Charles hinum Hugrakka*, en hann var hertoginn af Burgundy. Verkin voru aðallega textill og skúlptúr og var þeim rænt af svissneska hernum á sama tíma og Charles var myrtur.⁷

Hoft til fortíðar – endurvakning gotneskrar sköpunar á 18. öld

Gotneskar bókmenntir

Um miðja átjándu öld spratt upp ný gotnesk stefna í bókmenntum, listum og arkitektúr, og hún fékk

6 Ball, Philip. 2008. *Universe of Stone: A Biography of Chartres Cathedral*. Harper. New York. Bls 28-29.

7 Martindale, Andrew. 1967. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London. Bls 221-231

nafnið gotneska endurvakningin eða *the gothic revival*.

Árið 1764 kom fyrsta gotneska skáldsagan út, *The Castle of Otranto* eftir Horace Walpole. Walpole var merkismaður, enda brautryðjandi í endurvakningu stílsins. Hann var ríkur maður, listfræðingur, rithöfundur og arkitekt sem hafði einnig brennandi áhuga á stjórnmálum.

The Castle of Otranto var skrifuð út frá draumi. Í honum var Horace staddur í kastala þar sem hann sá stóra og brynjuklædda hönd gnæfa yfir honum efst í stigagangi. Horace varð þekktur á sínum tíma fyrir þessa furðulegu bók sína sem átti sér enga líka, og hafði áhrif á samtímarithöfunda eins og Clöru Reeve, en Walpole þótti ekki mikið til hennar koma. Það sama má segja um áhrif hans á táningskaldið Chatterton, Walpole tók á móti ljóðum frá honum og þótti þau ágæt, en eftir að hann frétti að Chatterton væri fátækur gerði hann lítið úr ljóðum hans sem varð að því að strákurinn framdi sjálfsmorð, aðeins 17 ára að aldri.⁸

Hægt er að skynja út frá þessum heimildum að Walpole hafi verið hrokafullur auðkýfingur sem fann á sér að hann hafi hrundið af stað nýjum stíl í bókmenndum og lífssýn, og lokaði á aðra rithöfunda og skálda sem vildu feta í hans fótspor. Eftir að *The Castle of Otranto* kom út urðu gotneskar bókmenntir mjög vinsælar, og þótti blanda hryllings og rómantíkur nýstárleg og spennandi.

Gotnesku skáldin áttu það sameiginlegt að rit þeirra einkenndust aðallega af aðáunarverðum hryllingi, ráðgátum, hinu yfirnáttúrulega, vonleysi, dauða, bölvunum eða geðveiki. Einnig er áhugavert að sjá að flest þessara skálda áttu erfiða ævi. Mörg lentu í því að missa ástvini og fjölskyldu, eða eiga við geðræn vandamál að stríða, sem og áfengisfíkn. En öll áttu það sameiginlegt að hrífast að hinu óskiljanlega og yfirnáttúrulega, þau höfðu kjark og þor til að deila með umheiminum hugsunum sínum um hið myrka og óumtalaða.

Gotneskur arkitektúr 18. aldar

Bókmenntir voru sterkur liður í 18. aldar gotnesku, en það sama má segja um arkitektúr. Gotneski 18. aldar arkitektúrinn byrjaði eftir 1740⁹ á Englandi. Hann óx hratt og arkitektar sóttu innblástur sinn í byggingalist miðalda. Stíllinn breiddist til Evrópu, Ástralíu, S-Afríku og Ameríku eins og eldur í sinu og byggingar sem reistar voru í gotneskum stíl á 19. öld og yfir í þá tuttugustu gætu ef til vill hafa verið fleiri en þær sem reistar voru á miðöldum.

Aukinn áhugi á rómantík um miðja 18. öld var til þess að almenningur leit aftur til miðalda og sást það fyrst, enn og aftur, í kirkjubyggingalist, líkneskjum og lituðu gleri. Einnig komu áhrifin fram í garðlist og einbýlishúsum í beinu framhaldi, en á því sviði er Horace Walpole aftur frumkvöðull, eins og í gotnesku bókmenntunum. Hann keypti sér lúxus-einbýlishúsið Strawberry Hill árið 1748 og endurbyggði í sínum gotneska stíl, og var það fyrsta slíka byggingin, það er endurgerð sem gotnesk bygging, án þess að hafa á neinn hátt borið þau einkenni frá miðöldum. Þetta hús er sagt vera eitt áhrifamesta sinnar tegundar af svokölluðum rokkokkó-gotneskum stíl.¹⁰

Áhrifin voru áberandi í Frakklandi og fyrsti talsmaður stílsins var sagnfræðingurinn Arcisse de Caumont, og lagði hann sérstaklega áherslu á gotneskan arkitektúr. Rit hans *Abécédaire ou*

8 [The Literature Network, Horace Walpole](http://www.online-literature.com/horace-walpole/) <http://www.online-literature.com/horace-walpole/> Skoðað í desember/janúar 2010-2011.

9 Brooks, Chris. 1999. *The Gothic Revival*. Phaidon Press Limited. London. Bls 107.

10 Davenport-Hines, Richard. 1998. *Gothic – Four Hundred Years of Excess Horror, Evil and Ruin*. Fourth Estate. London. Bls 127-132.

Rudiment de l'Archéology er talin ein besta heimild um arkitektúr miðalda. Fyrsta franska kirkjan sem reist var í gotneskum stíl var svo Sainte-Clodite kirkjan, en byggingu lauk árið 1857.

Í Þýskalandi sáust byrjaði gotneski arkitektúrinn aftur þegar framkvæmdir hófust á ný dómkirkjunni í Köln, en þær framkvæmdir höfðu staðið í stað frá árinu 1248. Eftir að kirkjan reis endanlega árið 1880 var hún hæsta bygging í heimi, og var talin hápunktur gotnesks arkitektúrs. Samsíða rómantikinni og gotnesku einkennum þessara áratuga var einnig ríkjandi gífurleg þjóðerniskennd í þessum þremur ráðandi ríkjum, það er Englandi, Frakklandi og Þýskalandi. Það varð til þess að öll löndin héldu því fram að gotneski arkitektúrinn frá miðöldum kæmi frá þeirra þjóð.¹¹

Tæknilegar þróanir sem áttu sér stað á 20. öld urðu til þess að gotnesku stíllinn varð smátt og smátt á undanhaldi. Stál kom í stað viðar, lyftur í stað stiga og slökkt var á kertum til að kveikja á ljósaperum. Innra rými húsa og kirkja þurfti ekki lengur að vera skipt niður í hvelingar með þykkum og miklum stöplum vegna þróunar í byggingasmíði. Gotneska listin varð að víkja fyrir módernisma. Þar með tók heimurinn ferkantaðri stefnu í byggingum og listum. En voru þetta endalokin?

Neo-gotneska – Uppreisn gegn módernisma

Breytingin yfir í hið ferkantaða hlaut að fá á móti sér einhverskonar andspyrnu frá almenningi. Í kringum 1980 byrjaði 20. aldar neo-gotneska samhliða pönkmenningunni sem spratt upp á sama tíma og mótmælti yfirvaldinu. Í neo-gotnesku er litið aftur til fornrar menningar og lista, þá aðallega frá þeim tveimur gotnesku tímabilum sem á undan höfðu komið. Listamennirnir sem flokkast undir þessa stefnu fást aðallega við málverk, ljósmyndun, skúlptúra og tónlist. Um 1990 var stefnan orðin viðurkennt listform með hjálp kanadíska listamannsins Charles Alexanders Moffat, sem skrifaði ritið *The Neo-Gothic Art Manifesto* en í því fjallar hann um uppreisn og samstöðu gagnvart yfirvaldinu í listum.¹² Stíllinn er mjög vinsæll í Kanada, Evrópu, Japan, Rússlandi og Bandaríkjunum. Viðfangs-, og myndefni er ekki ósvipað 18. aldar bókmenntunum, þó með ýktari útfærslum og opinskárra framsetningum á skoðunum en áður, enda er margt leyfilegt í dag sem áður var bannað.

Þessi þrjú tímabil, miðalda-gotneska, gotnesk endurvakning og neo-gotneska, eru mjög svipuð, en það síðastnefnda fæst á annan hátt við arkitektúr en hin tvö. Í gotneskri samtímamyndlist er notast við arkitektúrinn sem hækju og hjálpargagn í formum og mynstrum, og notagildið snýst meira um að tjáningu listamannsins fremur en hýsingu eða byggingalist. Margir listamenn vitna í oddhvöss bogamynstrin á gotnesku kirkjum miðalda og 18. aldar í verkum sínum, skúlptúrum og innsetningum, sem og útskurðina í viðnum á miðöldum og stálinu í byrjun 19 aldar.

Banks Violette

Sem dæmi um myndlistarmann sem fæst við það að sækja myndefni sitt og byggingarform skúlptúra aftur til gotneska byggingarlist miðalda, er bandaríski listamaðurinn Banks Violette, en

¹¹ Martindale, Andrew. 1967. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London. Bls 18-23.

¹² Charles Alexander Moffat. *Official Webside for Charles Moffat*. <http://www.charlesmoffat.com/> Skoðað í desember 2010.

hann er ungur og efnilegur, og vel er hægt að segja hann von um nýja tíma og stefnur í gotneskri list 21. aldarinnar.

Banks Violette fæddist árið 1973 í Ithaca í New York og lærði myndlist í School of the Visual Arts í New York, og fór þaðan í Columbia háskólann þar sem hann úskrifaðist úr mastersnámi árið 2000.¹³ Hann hefur fengist við skúlptúra og eitt áhugaverðasta verk hans *Untitled* er einskonar beinagrind af kirkju, sem er gerð eftir norskri sveitakirkju. Hann fékk norska meðlimi þungarokkssveitar til að semja tónlistina fyrir sólósýninguna þar sem hann sýndi kirkjubeinagrindina í fyrsta sinn í Whitney Museum of American Art. Hann hefur áhuga á kirkjubrennunum sem áttu sér stað í norður Noregi á níunda áratugnum, og ofbeldið sem þeim fylgdi, sem náði hámarki þegar Oystein Aarseth, gítarleikari svartmetalhljómsveitarinnar Mayhem, var stunginn til bana af meðlimi hljómsveitarinnar Burzum, Varg Vikernes.¹⁴

Violette hefur fjallað um trú, andkristni, dauðametal, sjálfsmorð og kirkjubrennur í verkum síðustu ára og tekist það meistaralega vel. Hann aðhyllist ekki svarta-, eða dauðametal, heldur finnst honum áhugavert að skoða og kynna sér þessar hugsanir þeirra sem það gera, og skoða líferni þeirra sem einhverskonar utanaðkomandi könnuður.

Árið 2004 gerði Violette verkið *Hate Them*. Verkið var einhverskonar draum-, eða martraðakennd útgáfa af sviði sem átti að tákna unglingsástandi. Með sínum minimalíska hætti töfraði hann fram uppsetningu á hinna típísku uppröðun hljómsveitameðlima á sviði með villimannslegum hætti. Uppsetningin minnir á leikhús eða tónlistarperformans og nær hann að tengja þessa þætti saman og minnir á að svartmetall er meira en tónlist, það er líferni og búningur til að koma vissum skoðunum á framfæri, tónlistarstefna án marka, eða liststefna sem getur leitt af sér trú. Hann notaðist við form sem minntu á vígtennur og efni úr pólýester sem ýtti undir hina stereótípísku metal-karlmennsku. Þar sem hann tengir sig stórlega við ofbeldi, satanisma og þjóðerniskennd notar hann gotneska stílinn sem bæði tákn og tól til að upphelja ódauðleika einstaklingsins.

Violette hrífst af ungmennahreyfingum og hugsanahætti unglunga, og setur hrifninguna fram á minimalískan hátt í verkum sínum. Hann notar óspart svarta og draughvíta liti með lakki sem gera verk hans falleg, þögul og myrk í senn. Hann blandar saman hinu óhugnalega við hið stílhreina í verkum sínum, með einföldum skúlptúrum sem vísa í ógeðfella atburði, frávik samfélagsins og hneykslun meðalmannsins.

Nýgotneska – Fjórða tímabilið

Þegar Banks var að taka sín fyrstu listamannsskref var ný gotnesk stefna að mótast og var hann einn þeirra listamanna sem mótuðu stefnuna. Þó að nokkur hundruð ár hafi liðið frá fyrsta gotneska tímabilinu yfir í það næsta, og áratugir milli annars og þriðja, þá má segja að frá neo-gotneskunni sem spratt upp frá pönk-senunni eftir 1980 hafi þróast ný gotnesk stefna eftir aldamótin, fjórða stefnan, en hún er stílhreinni og tengist ef til vill miðalda gotneskunni og átjándu aldar gotneskunni á meiri hátt en neo-gotneskan.

Stíll Violettes og annarra listamanna sem flokkast undir hina nýju stefnu hefur opnað dyrnar að fjórða gotneska stílum, eða New Gothic Art, eins og listgagnrýnandinn Francesca Gavin orðaði

1 3 Interview Magazine. *Banks Violette Interview*. <http://www.youtube.com/watch?v=K1O5Eu-A5TE> Skoðað í desember 2010.

1 4 Vitnun í samtal við Erling Klingenberg í viðtölum eftir kúrsinn *Að sýna og segja*. Desember 2010.

í tímaritinu *Dazed and Confused* í október 2008.¹⁵

Þessi svokallaða New Gothic Art, eða nýgotnesk list eins og þýða mætti á íslensku, er hægt að rekja til ársins 1997, en frá 24. apríl til 6. júlí þess árs átti sér stað sýning að nafni *Gothic* í Boston¹⁶, sem var skipulögð af samtímaliststofnun í borginni og stjórnað af Christoph Grunenberg. Margir þekktir samtímalistamenn tóku þátt í henni, til dæmis Mike Kelley, Robert Gober og Cindy Sherman¹⁷, en hægt væri að flokka þau undir þessa nýju og spennandi stefnu.

Eins og áður kom fram átti Francesca Gavin heiðurinn á nafni stefnunnar og í bók sinni frá 2008, *Hell Bound*, fékkst hún við að útskýra stefnuna nánar og setja fram kenningar sem ýta undir tilvist hennar. Hægt er að lýsa stefnunni sem róttækri andspyrnu við norm 21. aldar. Listamenn hennar fá oft innblástur frá tónlist, þar má helst nefna öfgametal, pönk og rokk, en fást einnig við listrænar rannsóknir á minnihlutahópum, sem og hrollvekjum og kynlífi. Hún flokkar marga samtímalistamenn undir stefnuna, þar má helst nefna David Noonan, Gabrielu Friðriksdóttur og vin okkar Banks Violette.

Þessir listamenn sem flokkast undir hina nýju liststefnu þora, líkt og gotnesku skáldin, að fjalla um hluti eða atvik sem aðrir kjósa að leiða hjá sér. Þeir fjalla um vandamál unglinga og ungmennahópa sem farið hafa út í myrku hliðarnar á samfélaginu, um öfgar kynlífs, harðkjarnatónlistar og ofbeldis. Þetta setja þeir svo í gotneskan búning til að einhvernvegin leggja áherslu á efnið, og tengja það oft við eðlilegt hversdagslíf til að koma upp vissri satíru. Á sama hátt settu gotnesku skáldin hryllingssögur í rómantískan búning og fjölluðu um hið yfirnáttúrulega og mörk þess sem var rétt og rangt, drógu trú og trúarbrögð í efa og stikluðu á hættulegri línu milli þess sem mátti og mátti ekki.

Gotneskan fjallar um blöndun fegurðar við vitfirru, myrkurs við ljós og góðs við illt. Nýgotneskan fjallar á ný um þennan samruna sem og togstreitu og ég tel verk mín tengjast á mikinn hátt þessari nýju stefnu, og þykir hún mjög áhugaverð. Ég nota tónlist mikið sem innblástur, sem og minningar, reynslu og áhugamál. Það kemur fyrir að ég verði heltekin af myndefni, hlut eða mynstri, og það skilur eftir sig endurtekin spor í verkum mínum. Ég leita til byggingalistar miðalda til innblásturs, þá sérstaklega til dómkirkjunnar í Köln. En hvort sem það eru kirkjur sem heild sem heilla mig eða örlítil smáatriði í gluggakistu byggingar eru það hráleikinn, drunginn og myrkrið sem einkennir þennan tíma og byggingar sem ávallt fangar athygli mína. Sömu eiginleikar í skáldskap 18. aldar þykja mér áhugaverðir, sporin út í óvissuna og vangaveltur um hið yfirnáttúrulega og eftirlífið, hið góða og hið illa.

Samband Góðs og Ills

Gott og illt eru andstæður, en að skoða andstæður og bera saman þykir mér áhugavert. Þær draga fram einkenni og áherslur í hverju öðru og væri ekki til án hvers annars. Er illska væri ekki til, Eva hefði ekki smakkað á forboðna ávextinum, væri góðmennska hugtak sem ekki væri til, heldur væri viðvarandi ástand og eðlileg hegðun mannsins. Öll myndum við lifa saman í sátt og samlyndi í einhverskonar heilalausri útópíu og allt væri gott, alltaf.

15 Williams, Gilda. 2007. *The Gothic*. Whitechapel og The MIT Press. London.

16 Sensagent Dictionary. *New Gothic Art*. <http://dictionary.sensagent.com/new+gothic+art/en-en/> Skoðað í janúar 2010.

17 Williams, Gilda. 2007. *The Gothic*. Whitechapel og The MIT Press. London. Bls 17.

En hið góða þarfnast þess illa, rétt og ljós þarfnast myrkur og dagur þarfnast nætur. Án þess illa væri ekki til hugmynd um það góða og öfugt, og því veita þessir þættir hver öðrum viðnám. Þessir tveir þættir hafa verið uppspretta hugmynda fyrir listamenn frá örófi alda og fram koma merki um togstreitu og sameiningu þeirra í öllum tímabilum gotneska stílsins.

Á miðöldum var það í formi trúarmynda, himnaríkis og helvítis, Guðs almáttugs og Lúsífers, veggmyndir og altarástöflur í kirkjum innihéldu myndefni góðs og ills, og ummerki um glötun einstaklingsins sem valdi lífernri þess síðarnefnda, sem og ódauðleika þess góða og guðhrædda sem myndi öðlast eilíft líf með Guði.

Á átjándu öld fóru listamenn og skáld að velta fyrir sér hinu illa í formi skepnunnar, villimannsins og þess yfirnáttúrulega og tengdu við hið góða í hversdagslegu umhverfi mannsins. Þá komu einnig fram hugmyndir um ódauðleika mannsins, en ekki eftir dauðann, heldur í formi yfirnáttúrulegra vera. Menn veltu fyrir sér samruna mannsins og skepnunnar, sem leiddi af sér heilan hafsjó af kynjaverum, en þar voru fremst í flokki vampírur og varúlfa, sem í dag eru ennþá vinsælasta efnið í hrollvekjum. Hugmyndir um ódauðleika mannsins á átjándu öld voru því frábrugðnar sömu hugmyndum frá miðöldum að því leiti að þú hlotnaðist ekki þennan eiginleika með því að fylgja hinu góða, heldur hinu illa, hinu forboðna, og þú hafðir ekkert val. Vampírur völdu ekki að verða vampírur, og það sama má segja um varúlfa. Þetta voru sögur af eðlilegum manneskjum sem urðu fyrir því óhappi að vera dregin inn í lífernri og lífnaðarhátt án þess að hafa neitt um það að segja. Með þessu var einhverskonar vorkunn vakin upp í garð skepnunnar, þess illa, eins og til að draga fram það góða í henni. En á sama hátt má segja að mönnum hafi þótt þetta lífernri spennandi, því oft innihéldu sögurnar af vampírurum frásagnir af svalli og launhelgum, drykkju og gleðskap, auk þess sem vampírurum var lýst sem fögrum og tælandi verum, hvítar á hörund með blóðrauðar varir. Þannig voru skáldin ef til vill að daðra við hugmynd að heimi sem þau gátu aðeins látið sig dreyma um.

Í dag eru hugmyndir um gott og illt ennþá einn stærsti þáttur í hugmyndum gotneskunnar, þó á allt annan hátt. Þær eru samfélagstengdari og pólitískari í takt við hnattvæðingu og spillingu yfirvalda. Hið illa er í formi stríða og hryðjuverka, illmennið er spillta auðvaldið og hið góða er almúgurinn sem níðst er á. Eftir óteljandi ágreininga heimsvelða síðustu ára eins og árásina á tvíburaturnana, stríðið í Írak og áflog Ísraels-, og Palestínuranna hefur listheimurinn brugðist við á öllum sviðum stíla og stefna, og enn fleiri fara að flokkast undir nýgotneska listamenn. Hugmyndin um list sem skemmtiefni eða skreytingu fer hallandi, og er úr takt við þessa samfélagslegu þróun sem er að eiga sér stað. Trúleysi, ironía og gagnrýnin ádeila á samfélagið eru algeng viðfangsefni hinnar nýju gotnesku myndlistar, og birtast þessir þættir bæði í formi ofhleðslu og minimalisma.

Trúarbrögð, sjálfíronía, og tengsl mín við gotnesku

Eins og áður sagði hafa trúarbrögð alltaf tengst gotneskunni á einhvern hátt. Í nýgotneskum listum ber aftur á altörum og líkneskjum eins og á öldum áður, þó í nýjum búningi. Listamenn eins og Banks Violette hafa eimað niður vissa eiginlega byggingalistar þessa tíma og tengt þá við nútímalegri viðfangsefni. Altari og líkneski nota ég líka sem myndefni í verkum mínum, eða til framsetningar á verkum. Síðasta verk sem ég gerði ber einmitt þann einfalda titil *Altari*. Í því nota ég uppstillingu altaris til að upphefja minningar, sjálfíroníu og ofhleðslu. Mynstrin í myndbyggingu málverkanna í verkinu eru blanda af smáatriðum sem hafa heillað mig í byggingalist, bátasmíði og útskurði, sem ég hef þróað í minimalískt mynstur sem ég endurtek í

gegnum flesta þætti verksins.

Sjálfsíroníuna má sjá í gínu sem tákna á sjálfa mig, niðurlúta í þessum grauti mynstra, minninga og sögulegs drunga. Þó verkið sé þögult og hreyfingarlaust má skynja óeirðir í návist þess, og lesa úr því sögu um háværa tíma sem eru liðnir. Áhugavert þykir mér að skilja eftir vísbendingar í verkum mínum um kaótík sem hefur átt sér stað, og ég vil leggja áherslu á samtal fortíðar og nútíma. Gínuna hef ég notað í þremur verkum; *Altari*, *Hálfun*, og *Uppá borði*. Oftast er gínan niðurlút og skiptir umhverfi hennar mig miklu máli, því þar notast ég við vísbendingar. Ég blanda saman hlutum sem flokkast myndu sem rusl, eins og tómar glerflöskur, við finlegt umhverfi sem ég hef skapað sjálf og sýnir mikinn tíma og vandvirkni. Samruni þessa þátta þykir mér mjög áhugaverður, og þykir mér hann lýsa sjálfri mér vel, einshverskonar samruni skepnu og dömu. Ég vitna í góða tíma sem leiða af sér slæma, samband góðs og ills og togstreitu milli þess myrka og bjarta. Ég tek á móti hinu góða og hinu illa með svipaðri aðdáun, sem er mjög einkennandi fyrir hinn gotneska stíl, því í skrifum hans og myndefni er villimaðurinn, skepnan eða vondi karlinn alltaf á einhvern hátt aðdáunarverður.

Það áhugaverða við skepnuna og vonda karlinn er að í sumum tilvikum getur hann verið báðir aðilar í ágreiningi, til dæmis þegar dýraríkin ráðast á hvert annað til að bjarga eigin lífi og afkomendum. Maður veiðir dýr, dýr berst fyrir lífi sínu. Ef dýrið nær að fella manninn í átökunum, hver er vondi karlinn? Villimaðurinn eða villidýrið? Ég hef lesið mikið af sögum um togstreitu milli manna og dýra, samruna lifnaðarháttanna þeirra og sameiningu þeirra, og smitar það mikið út í list mína. Þessar vangaveltur sýna sig vel í teikningum, en þær eru alltaf fyrsta skrefið í vinnuferli mínu við gerð verks, ef verkið er ekki teikningin sjálf. Ég notast við stórar pappírsarkir, þykka kolaliti, og hrátt myndefni af átökum milli manna og dýra. Dæmi um verk í þessum stíl er *Series of Mr. Dick*, sería af kolamyndum sem ég gerði milli október og desember 2010. Þar fæst ég við togstreitu hvíta hvalsins við sjómennina á fimm stórum örkum. Gotneska ofhleðslan er mjög áberandi í teikningunum.

Í sama stíl fæst ég við byggingalist miðalda sem myndefni. Ég hleð inn á myndrammann bogadregnum hlerum, gluggum eða dyrum sem minna á gotneska kirkjulist og eru áhrifin komin frá henni, en þetta sést vel í verki mínu *Köln* frá ágúst 2010. Þögnin og myrkrið sem umlykur dómkirkjuna í Köln var aðdragandi verksins, og fékk ég kirkjuna bókstaflega á heilann. Verkið varð til þess að ég þróaði áfram gotnesk mynstur úr byggingu kirkjunnar, blandaði við mynstur og myndefni sem tengjast togstreitu mannsins við skepnuna og gerði verkið *Altari* sem ég fjallaði um áður. Í því er einnig gínan sem táknar sjálfsíroníu, svo að segja má að *Altari* sé einhverkonar uppgjör mitt til gotneskunnar, það sem ég set saman þessa þrjá þætti, gotnesku kirkjulistina, gotnesku skepnuna og gotnesku sjálfsíroníuna, á þann hátt að úr verður ein allsherjar gotnesk ofhleðsla. Með verkinu vil ég leggja áherslu á kraft og sögu þessara þátta, sem og gefa í skyn að myrkir hlutir geta verið fallettlegri en þeir björtu.

Gotneskan er mikilvægur þáttur og breyting í samtímamyndlist. Eins og á fyrri tímabilum kemur hún fram í formi uppreisnar á norminu. Til að byrja með var það í formi byggingalistar, og þótti gotneski stíllinn mjög frábrugðinn þeim sem á undan komu. Svo var það í formi hugsanahátts gagnvart trúarbrögðum og hinu yfirnáttúrulega, og í dag kemur hún fram sem gagnrýnin ádeila á samfélagið, og einhverskonar rannsókn á heiminum sem við lifum í.

Ungir listamenn eru því byrjaðir að fara út fyrir verndarsvæðið sitt og farnir að hallast að hinu myrka og dularfulla, og rannsaka þannig hið illa, velta fyrir sér í hverju hið góða felst, og hvar þeir standa sem manneskjur og listamenn í þessu furðulega nútímasamfélagi. Enn á ný leita listamenn í hið yfirnáttúrulega til að finna svör, og það má sjá í formi illmenna, norna, drauga, stökkbreytinga og drungalegra vera í myndefni í myndlist, sjónlist, kvikmyndlist, leiklist og textum dægurlaga. En það sem einkennir nýgotneskuna eru einmitt þessar verur í myndefni, sem og rokkónlistin, angistin, hið yfirnáttúrulega, og sjónræna ofhleðslan. Með þessum þáttum eru listamennirnir að undirstrika trúna á trúleysið, vonleysið og glötunina í samfélaginu.

Ég hef fjallað um þrjú verka minna *Altari*, *Series of Mr. Dick*, og *Köln*, og tengt þau við mismunandi tíma gotneskrar listar. Verkin bera öll sterk einkenni stefnunnar, og í þeim er hægt að finna ummerki um öll fjögur tímabil hennar. Ég tel þá sem titla sig sem listamenn nýgotnesku bylgjunnar geti ekki bendlað sig aðeins við hana, heldur með því að segjast partur hennar eru þeir að viðurkenna lotningu gagnvart öllum stefnunum fjórum, og gotneskur hugsanaháttur í dag er byggður á hinum gamla gotneska grunni sem blandast saman um hugmyndir listamannsins um nútímann og samfélagið, en úr því verður nýgotneska.

Ég tel að gotneskur hugsanaháttur í listum muni taka yfir listheiminum á næstu áratugum. Fólk snýr til hans eftir að hafa misst trúna á útópíunni og hugmyndinni um hinn góða og réttláta heim. Sú uppgötvun og sátt með það að heimurinn sé smitaður af hinu illa, og að mannkynið er og hefur alltaf verið spilt, án þess að við getum mikið gert í því, getur leitt af sér mikla sköpun.

Með gotneskunni getum við sýnt að við lifum á villimannslegum tímum, og eins myrk og hún er, þá veitir hún okkur samstöðu eða sáttmála og leyfir okkur að trúa því að við höfum komist að einhverskonar niðurstöðu eða sannleika. Til að sjá hið góða verður að viðurkenna hið illa, og sannleikurinn felst í jafnvæginu og viðnáminu þar á milli.

Heimildaskrá

Artcyclopedia. *Artists by Movement: Gothic Art*. <http://www.artcyclopedia.com/history/gothic.html>
Skoðað í janúar 2011.

Art Safari. Mynddiskur. Ben Lewis. Gefinn út 22. september 2009.

Ball, Philip. 2008. *Universe of Stone: A Biography of Chartres Cathedral*. Harper. New York.

Brooks, Chris. 1999. *The Gothic Revival*. Phaidon Press Limited. London

Charles Alexander Moffat. *Official Webside for Charles Moffat*. <http://www.charlesmoffat.com/>
Skoðað í desember 2010.

Christofer Bollen. *Banks Violette-Interview*. <http://www.interviewmagazine.com/art/banks-violette/>
Skoðað í nóvember 2010.

Davenport-Hines, Richard. 1998. *Gothic – Four Hundred Years of Excess Horror, Evil and Ruin*. Fourth Estate. London.

Dexter, Emma. 2005. *Vitamin D*. Phaidon, New York.

Erling Klingenberg. *Samræður eftir kúrsinn Að Sýna og Segja*. Desember.

Interview Magazine. *Banks Violette Interview*. <http://www.youtube.com/watch?v=K1O5Eu-A5TE>
Skoðað í desember 2010.

Julien Chapuis fyrir The Metropolitan Museum of Art. *Gothic Art*.
http://www.metmuseum.org/toah/hd/mgot/hd_mgot.htm. Skoðað í desember 2010.

Martindale, Andrew. 1967. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London.

Noble, Richards. 2009. *Utopias*. Whitechapel og The MIT Press. London.

Sensagent Dictionary. *New Gothic Art*. <http://dictionary.sensagent.com/new+gothic+art/en-en/>
Skoðað í janúar 2010.

The Lilith Gallery Network. *The History of Gothic Art*.

Listaháskóli Íslands
Myndlist

http://www.lilithgallery.com/arthistory/gothic/arthistory_gothicart.html. Skoðað í janúar 2011.

The Literature Network. Horace Walpole <http://www.online-literature.com/horace-walpole/>
Skoðað í desember/janúar 2010-2011.

Turner, Alice K. 1995. *The History of Hell*. Robert Hale Limited, London.

Williams, Gilda. 2007. *The Gothic*. Whitechapel og The MIT Press. London.

Myndefni



St. Denis



Wilton Diptych



Ása Dýradóttir. *Köln*. 2010




Ása Dýradóttir. *Köln*. 2010 – nærmynd



Ása Dýradóttir. Úr seríunni *Series of Mr. Dick*. 2010-2011.



Ása Dýradóttir. Úr seríunni *Series of Mr. Dick*. 2010-2011.



Banksy Violette. *Untitled.*



Ása Dýradóttir. *Altari*. 2010



Ása Dýradóttir. *Altari*. 2010.